



HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ
Á AKUREYRI

ÁRSSKÝRSLA
2005

- AKUREYRI -
- 2006 -



Brekkugötu 17, 600 Akureyri
sími 460-1290, fax 460-1291
netföng: adalbjorg@akureyri.is, lara@akureyri.is
opnunartími: 10:00 – 18:00 mánudaga og fimmtudaga,
10:00 – 16:00 þriðjudaga, miðvikudaga og föstudaga.

Um starfsemi Héraðsskjalasafnsins á Akureyri árið 2005

Starfsemi safnsins á árinu 2005 var með hefðbundnum hætti eftir framkvæmdaárin á undan, þar sem nýbygging við húsið setti strík í opnunartíma og fleira. Skjöl sem geymd voru í geymslum annars staðar eru nú komin í nýjar og endurbættar geymslur safnsins í Brekkugötu 17. Aðstaða fyrir starfsfólk og gesti er til fyrirmyndar og geymslupláss nægjanlegt næstu ár.

Aðföng

Safnið tók við 90 skjalaafhendingum og er það talsvert hærri tala en undanfarin ár. Þetta skýrist af því að nú er nóg pláss til að taka á móti skjölum og einnig af því að starfsemin hefur verið auglýst betur og nýtt húsnæði hefur vakið athygli á safninu.

Notkun

Lán til gesta safnsins á lestrarsal voru um 780 talsins. Þar verður veruleg lækkun frá fyrra ári sem stafar af því að árið 2005 lá niðri ritun á Sögu Akureyrar sem Jón Hjaltason hefur starfað að undanfarin ár. Erindi, fyrirspurnir og uppflettingar fyrir viðskiptavinum voru nú 665 talsins og fjölgaði um nálægt 10% frá fyrra ári. Gestir á lestrarsal árið 2005 voru alls 716, þar af voru 392 karlar og 324 konur.

Sýningar

Tvær sýningar voru haldnar á árinu 2005. Sú fyrri í tilefni af því að 110 ár voru liðin frá fæðingu Davíðs Stefánssonar frá Fagraskögi. Menningarmálanefnd Akureyrar, Amtsbókasafnið á Akureyri, Héraðsskjalasafnið á Akureyri og Karlaþór Akureyrar – Geysir stóðu fyrir sérstakri dagskrá um Davíð og var sýningin liður í þeirri dagskrá. Sýnd voru handrit að verkum Davíðs, bækur eftir hann og úr hans einkabókasafni, umsagnir um hann í innlendum og erlendum tímaritum, heiðursskjöl o.fl. Sýnd voru bréf sem aldrei höfðu komið fyrir sjónir almennings áður, sem skáldið skrifaði Önnu Z. Oster-



Frá sýningu um Davíð Stefánsson



Innsiglaðir pakkar úr Davíðshúsi.

mann, sendikennara frá Svíþjóð en hún þýddi m.a. Sólon Íslandus og Gullna hliðið á sænsku. Þessi bréfaþakki var samkvæmt hennar fyrir-mælum lokaður og innsiglaður í 25 ár frá and-láti hennar og opnaður fyrst árið 2000. Einnig voru sýndir þrjár lokaðir pakkar sem geymdir voru í Davíðshúsi, en eru nú varðveittir hér á safninu. Á þá er skrifað að ekki megi opna þá fyrir en árin 2100 og 2250. Einar B.

Guðmundsson frá Hraunum í Fljótum, frændi Davíðs mun hafa gengið frá þökkunum og sett þessi skilyrði. Sýningin stóð frá 21. janúar til 20. febrúar.

Seinni sýningin var í tilefni af 30 ára afmæli kvennafrídagsins. Jafnréttisnefnd Akureyrar og Héraðsskjalasafnið á Akureyri stóðu sameiginlega að þessari sýningu. Var hún opnuð 21. okt-óber og bar heitið *Víð sem kröfðumst jafnréttis*. Sýningin stóð út nóvember og var jafn-framt tekin inn sem liður í norrænum skjaladegi, sem

haldinn er árlega annan laugardag í nóvember.

Hér fyrir aftan má sjá skrá yfir aðföng ársins 2005 og kennir þar ýmissa grasa. Óvenju mikið hefur borist af gögnum þetta ár, eða eins og fyrr segir alls 90 afhendingar frá hinum margvíslegustu stöðum. Þetta sýnir e.t.v. aukinn skilning á nauðsyn þess að varðveita til frambúðar á safninu sögu Eyjafjarðarsvæðisins og íbúa þess.

Að lokum, kærar þakkir til allra þeirra sem afhentu safninu gögn eða stuðluðu að vexti þess og viðgangi á annan hátt.

Akureyri í nóv. 2006,
Aðalbjörg Sigmarsdóttir,
héraðsskjalavörður.



Frá sýningunni *Víð sem kröfðumst jafnréttis*.

Aðfangabók 2005

<i>Nr</i>	<i>Tímabil</i>	<i>Hvað afhent:</i>	<i>Hver afhenti:</i>	<i>Dags.</i>
1	1965-1981	Frá Landsvirkjun: ýmislegt um Laxárvirkjun og Laxárdeilu, bréf stjórnar Laxárvirkjunar 1965-1981.	Elisabet Guðmundsd., Knarrarbergi	5.1.2005
2	1967-2000	Frá Náttúruverndarnefnd Eyjafjarðarsýslu: fundargerðabók 1967-2000, bréf, árskýrslur o.fl.	Bjarni Guðleifsson, Möðruvöllum 3	19.1.2005
3	1865-1953	Úr fórum Björns Árnasonar í Pálsgerði og Hrísey: bréf frá árunum 1898-1953, sögur og sagnir o.fl.	Garðar Ingjaldsson, Akureyri	20.1.2005
4	1964-1965	Gögn frá Davíðshússnefnd, bréf o.fl. varðandi söfnun fjár til kaupa á Davíðshúsi. Samningur um eftirprentun af sjálfsmynd Sölva Helgasonar. Teikningar af húsi og lóð í Bjarkarstíg 6, örfá ljóðahandrit.	Úr Davíðshúsi	20.1.2005
5	1948-1949	Bréf og reikningar varðandi verslun Júlíusar Oddssonar í Hrísey, komin frá Sigrúnu og Hebu Júlíusdætrum.	Orri Vésteinsson, Reykjavík	26.1.2005
6	1916-1994	Gjörðabækur Íþróttaráðs Akureyrar 1936-1944 og Íþróttabandalags Akureyrar 1944-1963 og 1967-1944.	Þróstur Guðjónsson, Akureyri	24.1.2005
7	1936-1965	Dagskrár og úrslit úr skíðamótum og fleiri íþróttagreinum.	Ívar Sigmundsson, Akureyri	31.1.2005
8	1930-1965	Frá Íþróttafélaginu Þór: fundargerðabók 1930-1965.	Páll Jóhannesson, Akureyri	17.2.2005
9	1992	"Það sem enginn sér" - Myndband - Samtök um kvennathvarf, 1992.	Halldóra Stefánsdóttir, Akureyri	24.2.2005
10	2002-2004	Frá Amtsbókasafni: gestabók des. 2002 - des. 2004.	Sigrún Ingimarsdóttir, Akureyri	25.2.2005
11	1884	Smásögur skrifaðar af Guðbrandi Hallgrímssyni árið 1884 og Hið alþjóðlega kvæði "Fyrir fólkið".	Hulda Þórarinsdóttir, Akureyri	1.3.2005
12	1962-2004	Ýmis gögn frá skátastarfi á Akureyri, v/ skátamóta og landsmóta; einnig bækur, bæklingar, og blöð.	Björn Sverrisson, Akureyri	3.3.2005

<i>Nr.</i>	<i>Tímabil</i>	<i>Hvað afhent:</i>	<i>Hver afhenti:</i>	<i>Dags.</i>
13	1947-1968	Sagnablöð Arnar á Steðja I-III, ýmsar nótur og Ferðir 1967 og 1968.	Sigríður Schiöth, Akureyri	4.3.2006
14	1993-2000	Frá Hestamannafélaginu Létti: ljósmyndir úr starfi félagsins, gögn frá landsþingum hestamanna, ýmis bókhaldsgögn, bréf, úrslit móta o.fl.	Kjartan Helgason, Akureyri	8.3.2005
15	1922	Frá Sjónarhæðarsöfnuði: tvö bréf til Arthurs Gook frá Ólafíu Jóhannsdóttur.	Jón Hilm. Magnússon, Akureyri	10.3.2005
16	1939-1947	Frá Pöntunarfélaginu "Neisti", Akureyri: efnahagsbók 1944-1947, dagbók 1939-1945.	Þorsteinn Arnórsson, Akureyri	18.3.2005
17	1845-1869	Levy, C.E. 1946. Kennslubók handa yfirsetukonum. Þýð.: Gunnlaugur Þórðarson Kaupmannahöfn. Helgi Schiöth fékk bókina í arf eftir Margréti Önnu Halldórssen (1863-1951).	Sigríður Schiöth, Akureyri	31.3.2005
18	1890-1954	Einkaskjöl úr fórum Sigurgeirs Jónssonar (1866-1954), tónlistarkennara á Akureyri.	Sverrir Pálsson, Akureyri	1.4.2005
19	1909-1922	Námsbækur o.fl. úr fórum Haraldar Leóssonar (1884-1960), kennara í Öngulsstaðahreppi og á Ísafirði.	Hildur Egilsdóttir, Akureyri	5.4.2005
20	1938-1940	Frá Íþróttafélaginu Þór: dagbók félagsins 1938-1940.	Páll Jóhannesson, Akureyri	6.4.2005
21	1940-1946	Nokkrar kvittanir og reikningar fyrir opinberum gjöldum o.fl. úr fórum Hauks Helgasonar (1914-1945), Akureyri.	Sverrir Pálsson, Akureyri	11.4.2005
22	1957-1960	Tvær leiðarbækur fyrir skipið Harðbak EA 3 á tímabilinu 2. júlí 1957 - 20. maí 1960.	Sæmundur Friðriksson, Akureyri	12.4.2005
23	1907-1980	Frá Glæsibæjarhreppi: ýmsir samningar og bréf, sjóðbók 1979 og útvarsbækur 1975-1978 og 1980.	Oddur Gunnarsson, Dagverðareyri	12.4.2005

<i>Nr.</i>	<i>Tímabil</i>	<i>Hvað afhenti:</i>	<i>Hver afhenti:</i>	<i>Dags.</i>
24	2005	Gögn varðandi opinbera heimsókn forseta Íslands 11.-12. apríl 2005.	Afhent frá bæjarskrifstofu	22.4.2005
25	1977-1984	Listar yfir bókaöf Þjóðræknisfélagsins og bókaöf John og Robert Gunnlaugsson til Amtsbókasafnsins, einnig skrá um vestur-íslensk tímarit o.fl. Einnig handskrifuð matreiðslubók.	Sigrún Ingimarsdóttir, Akureyri	28.4.2005
26	1919-1956	Viðskiptabækur við Kaupfélag verkamanna o.fl. úr fórum Gunnlaugs Gunnlaugssonar (1870-1937), keyrara á Akureyri. Einnig sérpr. úr Jólblaði Alþýðumannsins 1956 um Möðruvelli í Hörgárdal eftir Steindór Steindórsson frá Hlöðum.	Vernharð Sigursteinss., Akureyri	4.5.2005
27	1942-1980	Reikningar Eftirlaunaþjóðs Akureyrarbæjar 1942-1980.	Sigrún B. Sigurðard., Akureyri	9.5.2005
28	1959-1985	Listar yfir starfsfólk Sambandsverksmiðjanna og Iðnaðardeildar SIS.	Þorsteinn Arnórsson, Akureyri	18.5.2005
29	2004	Frá Akureyrarbæ: ársreikningar 2004 og bókhaldsgögn 2004.	Sigurgeir B. Þórðarson, Akureyri	18.5.2005
30	óársett	Úr Amtsbókasafni: símaskrá KEA og eyðublöð fyrir ábyrgðarskírteini Vöruhúss KEA.	Sigrún Ingimarsdóttir, Akureyri	23.5.2005
31	1920-1923	Dagbók Þorsteins Davíðssonar V. hefti, 20. nóv. 1920 til 15. júní 1923.	Birgir Þórðarson, Öngulsstöðum	24.5.2005
32	1942-1994	Sýningarskrár frá leikfélögum og menningarviðburðum. Mikið af bíóprógrömmum (flest öll óársett).	Sigurlaug Ingólfisdóttir, Akureyri	26.5.2005
33	1991-1997	Frá Vinafélaginu á Akureyri: fundargerðabók og 2 gestabækur .	Sandra Magnúsdóttir, Akureyri	1.6.2005
34	1998-2005	Gögn frá Samlagi-Listhúsi: gjörðabók 1998-2004, dagbækur, sýningarskrár, kynningarefni um listamenn o.fl.	Hrefna Harðardóttir, Akureyri	2.6.2005

<i>Nr.</i>	<i>Tímabil</i>	<i>Hvað afhent:</i>	<i>Hver afhenti:</i>	<i>Dags.</i>
35	1901-1983	Frá Heilsugæslustöðinni á Akureyri - berklaeftirlit 1901-1960 og skólatannlækningar 1971-1983.	Margrét Guðjónsd., Akureyri	2.6.2005
36	1912-1966	Úr fórum Jóhanns Ó. Haraldssonar, tónskálds: aðalhöfuðbók Viktors & Snorra, Akureyri, 1945-1951,	Ingvi Rafn Jóhannss., Akureyri	15.6.2005
37	1930	Úr fórum Kolbeins Guðvarðarsonar, Akureyri: afrit af bréfi til Gustavs Evanger á Raufarhöfn, dags. 30. júní 1930, varðandi síldarverksmiðju á Dagverðareyri.	Arngrímur Pálsson, Akureyri	27.6.2005
38	1953-2004	Frá Sambandi norðlenskra kvenna: fundargerðir, gögn frá aðalfundum, skýrslur aðildarfélaga, bréf o.fl.	Margrét J. Gunnarsd., Sauðárkróki	27.6.2005
39	1969-1987	Forðagæsluskýrslur úr Grímseyjarhreppi.	Þorlákur Sigurðsson, Grímsey	28.6.2005
40	1979-2002	Frá Bræðrafélagi Akureyrarkirkju: gjörðabók 1978-1988, 1989-2001, sjóðbók 1979-2002, lög félagsins, reikningar, bréf, kort, skeyti o.fl.	Hjörtur Arnórsson, Akureyri	1.7.2005
41	2005	Niðjatal Gunnlaugs Daníelssonar, Önnu Zophoníasdóttur, Valgerðar Sigurðardóttur og Steinunnar Sigtryggsdóttur. Unnið í tilefni af niðjamóti að Húsabakka í Svarf-aðardal 24. júní - 26. júní 2005 af Önnu Margréti Björnsdóttur.	Margrét Guðmundsd., Akureyri	4.7.2005
42	1927-2005	Ýmis einkaskjöl úr fórum Ingva Rafns Jóhannssonar og k.h. Sólveigar Jónsdóttur.	Ingvi Rafn Jóhannss., Akureyri	20.7.2005
43	1938-1970	Frá Verkamannafélagi Arnarnes-hrepps: félagaskrár 1938-1970.	Gunnar H. Ragnarss., Arnargarði	28.7.2005
44	1926-2000	Ærbækur frá Stóra-Dunhaga, skráðar af þremur ættliðum, Árna Jónssyni, Stefáni Árnasyni og Arnsteini Stefánssyni.	Arnsteinn Stefánsson, Stóra-Dunhaga	11.8.2005

<i>Nr.</i>	<i>Tímabil</i>	<i>Hvað afhent:</i>	<i>Hver afhenti:</i>	<i>Dags.</i>
45	1908-1996	Frá Barnaskóla Akureyrar og Gagnfræðaskóla Akureyrar: bekkjarkladdar, skólaskýrslur, prófverkefni, nemendaskrár, teikningar o.fl.	Árni Jón Erendsson, Akureyri	23.8.2005
46	1972-2005	Frá Starfsmannafélagi Akureyrarbæjar: gögn frá aðalfundum 1979-2004, bréf 1972-97, kjarasamningar, verkfall 1984, frá ráðstefnum, námskeiðum, samstarfi félagsins við önnur félög o.fl.	Arna Jak. Björnsdóttir, Akureyri	30.8.2005
47	óársett	Uppskriftir Stefáns Eiríkssonar af segulbandsupptökum frá miðilsfundum Guðrúnar Sigurðardóttur frá Torfufelli á árunum 1956-1970.	Ingibjörg Tryggvadóttir, Akureyri	5.9.2005
48	1921-1996	Frá verksmiðjum SÍS á Gleráreyrum: vinnudagbækur frá skinnaverkun, starfsmannamál, reikningar Iðunnar 1957-73, gögn vegna sögu verksmiðjanna. Frá Húsgagnavinnustofu Kristjáns Aðalsteinssonar: bréf 1931-1938. Frá Herradeild JMJ: pantanir á herrafötum.	Jón Arnþórsson, Akureyri	6.9.2005
49	1927-1982	Minningakort.	Björg Guðjónsdóttir, Akureyri	7.9.2005
50	1877	Bréf til séra Árna Jóhannssonar, Glæsibæ, dags. 12. sept. 1877 varðandi orgelkaup frá London, ljósrit.	Ingvi Rafn Jóhannsson, Akureyri	7.9.2005
51	1917-1918	Jólaort úr fórum Þorsteins Davíðssonar.	Héðinn Þorsteinsson Akureyri	7.9.2005
52	2004	Gögn vegna viðurkenningar fyrir „Lofsvert lagnaverk 2003“, sem veitt voru í Amtsbókasafninu í desember 2004.	Hólmkell Hreinsson, Akureyri	12.9.2005

<i>Nr.</i>	<i>Tímabil</i>	<i>Hvað afhent:</i>	<i>Hver afhenti:</i>	<i>Dags.</i>
53	1879-1906	Frá Sparisjóði Höfðhverfinga: gjörðabók 1879-1906 og reikningabók 1879-1898. Afh. úr Héraðsskjalasafni Þingeyinga.	Guðni Halldórsson, Húsavík	12.9.2005
54	1948-1988	Frá Gagnfræðaskólanum á Akureyri: nemendaskrár, gögn vegna landsprófa og annarra prófa, skólaskýrslur o.fl.	Sigríður Hlöðversdóttir Akureyri	14.9.2005
55	1899-1982	Bókhalds og viðskiptabækur frá Sparisjóði Höfðhverfinga.	Björn Ingólfsson, Grenivík	15.9.2005
56	1908-2004	Frá sóknarnefnd Möðruvalla-klausturskirkju: gjörðabók 1908-1960; fundargerðabók 1962-1989; eignaskýrsla 1937-1949; gestabækur (3) 1997-2004.	Stefán Magnússon, Fagraskógi	30.9.2005
57	1945-1991	Úr Minjasafni: Ýmis gögn frá KEA.	Hörður Geirsson, Minjasafni	5.10.2005
58	2005	Frá bæjarskrifstofu: bæklingar útgefnir af Akureyrarbæ.	Sigrún Björnsdóttir, Akureyri	5.10.2005
59	2005	Frá bæjarskrifstofu: kjörskrá v/ sameiningarkosninga sveitarfélaga við Eyjafjörð.	Brynja Pálsdóttir, Akureyri	12.10.2005
60	1950-1984	1) Sjóðbók Kvenfélags sósíalista á Akureyri 1950-1969. 2) Skjöl úr förum Kvinnalists á Akureyri varðandi áform um að reisa álver við Eyjafjörð.	Helgi Hallgrímsson og Kristbjörg Gestsdóttir, Egilsstöðum	13.10.2005
61	1984-1985	Ræða Karólínu Stefánsdóttur á kvennafrídaginn 1985. Bæklingurinn Jafnrétti eða hvað?, útg. af Jafnréttisnefnd Akureyrar 1984.	Karólína Stefánsdóttir, Akureyri	14.10.2005
62	1997	Sigling inn Eyjafjörð og Fantasía yfir „Heims um ból“, lög Jóhanns Ó. Haraldssonar, óárs. Samantekt Þorsteins G. Þorsteinssonar í til efni 70 ára afmælis Stærra-Árskógskirkju 6. júní 1997.	Björg Guðjónsdóttir, Akureyri	25.10.2005

<i>Nr.</i>	<i>Tímabil</i>	<i>Hvað afhent:</i>	<i>Hver afhenti:</i>	<i>Dags.</i>
63	1957-1968	Fundargerðarbók frá „Den danske Klub“ á Akureyri.	Richard Þórólfsson, Akureyri	26.10.2005
64	1970-2005	Frá Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Hlíð: sjúkraskrár yfir látna einstaklinga 1970-2005 (12 ks.)	Helga Tryggvadóttir, Akureyri	31.10.2005
65	1968-1988	Gögn frá verslununum Pallabúð 1968-1969 og Kompunni 1984-88 á Akureyri.	Sigurbjörg Pálsdóttir, Akureyri	31.10.2005
66	1981-1990	Gögn frá Jafnréttishreyfingunni og Kvennaframboðinu/Kvennalistanum á Akureyri: fundargerðir, bréf, gögn frá ráðstefnum og fundum, gögn frá grunnhópum.	Elín Antonsdóttir og Lára Ellingsen, Akureyri	2.11.2005
67	1905-1984	Skjöl úr fórum Sigríðar Laufeyjar Árnadóttur og Kára Johansen, Akureyri.	Gréta Aðalsteinsd., Mosfellsbæ	15.11.2005
68	1933-1994	Úr fórum Bjargar Benediksdóttur og Svavars Jóhannssonar bifreiðaeftirlitsmanns Bjarkarstíg 1: leikskrár frá Leikfélagi Akureyrar og fleirum.	Elsa Lára Svavarsdóttir, Akureyri	18.11.2005
69	1988-2003	Frá Fasteignum Akureyrarbæjar: ýmis gögn, reikningar og teikningar varðandi viðbyggingu við Amtsbókasafnið.	Magnús Garðarsson, Akureyri	18.11.2005
70	1919-1962	Frá Útgerðarmannafélagi Akureyrar: skrár yfir félagsmenn, lög, reikningar, samningar og fundargerðir.	Sverrir Leósson, Akureyri	24.11.2005
71	2005	Niðjatal Jónu og Guðjóns frá Enni.	Ellen M. Þorvaldsd., Akureyri	24.11.2005
72	1880-1905	Afrit af gerðabók Hins norðlenska kvennaskóla í Eyjafirði.	Unnar Ingvarsson, Sauðárkróki	29.11.2005
73	1909-1974	Gögn varðandi sjúkrahús á Akureyri, s.s. viðskiptamannabækur, skýrslur um sjúklingahald, um samskipti við sveitarfélög o.fl.	Magnús Stefánsson, Akureyri	1.12.2005

<i>Nr.</i>	<i>Tímabil</i>	<i>Hvað afhent:</i>	<i>Hver afhenti:</i>	<i>Dags.</i>
74	1936-1992	Frá Haga hf: verðskrár, verðútreikningar, eyðublöð, tímamælingar á verkefnum o.fl. (1976-1982). Frá Húsgagnavinnustofu Kristjáns Aðalsteinssonar: viðskiptamenn, höfuðbók, dagbók og reikningar (1941-1945). Einnig gögn frá Mjólkursamlagi (1943-1989) og Stjórnuapóteki (1936-92).	Jón Arnþórsson, Akureyri	1.12.2005
75	1975-1975	Ræða flutt af Sigríði Hafstað á kvennafrídaginn 24.10. 1975 í Sjálfstæðishúsinu á Akureyri.	Sigríður Hafstað, Tjörn í Svarfaðardal	21.10.2005
76	1926	Sextán hómópatameðul. Fyrirsagnabók sem fylgir meðalakassa frá Arth. Gook, Akureyri. (ljósr.)	Björg Guðjónsdóttir, Akureyri	5.12.2005
77	1935	Útsaumað fermingarkort til Helgu Sigurjónsdóttur, Akureyri.	Ellen M. Þorvaldsd., Akureyri	7.12.2005
78		Gögn úr förum Hermanns Sigtryggssonar, fyrrum íprótta- og tómstundafulltrúa Akureyrar.	Guðmundur Péturss., Akureyri	7.12.2005
79	1912-1958	Gögn úr förum Gísla Edvaldssonar rakara á Akureyri.	Úr Davíðshúsi	8.12.2005
80	óársett	Frá bæjarskrifstofu: Landkynningarkvikmyndir frá Rússlandi, komnar frá rússneska sendiráðinu.	Guðmundur Péturss., Akureyri	8.12.2005
81	2004	Frá Fasteignum Akureyrarbæjar: ýmis gögn varðandi viðbyggingu við Amtsbókasafnið.	Magnús Garðarsson, Akureyri	8.12.2005
82	2005	Gögn varðandi 30 ára afmæli kvennafrídagins 24. okt. 2005.	Katrín B. Ríkarðsd., Akureyri	8.12.2005
83	1962-1965	Úr förum Ingólfs Gunnarssonar, Akureyri: ljóðahandrit eyfirskra skálda og hagarðinga, sem "Bragverjar" áformuðu að gefa út; félagatal 1962-65.	Guðmundur Ómar Guðmundsson, Akureyri	12.12.2005

<i>Nr.</i>	<i>Tímabil</i>	<i>Hvað afhent:</i>	<i>Hver afhenti:</i>	<i>Dags.</i>
84	2000-2004	Frá Fasteignum Akureyrarbæjar: teikningar o.fl. varðandi viðbyggingu við Amtsbókasafnið.	Magnús Garðarsson, Akureyri	16.12.2005
85	2005	Guðmundur Magnússon: Thorsararnir. Auður - völd - örlög. Rv., AB, 2005.	Guðmundur Magnússon, Reykjavík	9.12.2005
86	2005	Jónína Hafsteinsdóttir: Ólafur Marteinsson magister 11. júní 1899 - 10. janúar 1934. Sérprent úr Árbók Barðastrandasýslu 2005.	Jónína Hafsteinsd., Reykjavík	13.12.2005
87	2005	Gögn frá starfsmannahaldi verksmiðja SÍS, starfsskírteini í Iðju o.fl.	Þorsteinn Arnórsson, Akureyri	13.12.2005
88	2005	Havstrilen. Kulturhistorisk årbok for Sund, Fjell og Øygarden 2005. Í ritinu er grein eftir Halvor Skurtveit um hjónin Anders Olsen, norskan mann og Jakobínu Halldóru Jakobsdóttur frá Pálmholti, Arnarneshr.	Halvor Skurtveit, Noregi	16.12.2005
89	1958	Frá bæjarskrifstofu: samantekt (á sænsku) um upphaf vinabæja-samstarfs á Norðurlöndum eftir Thjelvar Hedberg.	Heiða Karlsdóttir, Akureyri	30.12.2005
90		Ljósrit af gögnum sem varða Þorvald Þorvaldsson Schovelin, Stefán amtmann Þórarinsson og Jón Jakobsson, sýslumann.	Jón Hjaltason, Akureyri	30.12.2005

HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ Rekstrarreikningur 2005

053110	Tekjur - framlag ríkis, héraðsnefndar o.fl.	4.659.000 cr
053111	Launakostnaður	7.800.426.-
053112	Vörukaup	292.914.-
053113	Þjónustukaup	2.388.141.-
053115	Húsaleiga	12.642.756.-
053116	Annað	23.617.-
	Samtals:	<u>18.488.854.-</u>
